

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur föstudaginn 15. mars 2024

Mál nr. S-873/2024:

## Ákærvaldið

(Þorbjörg Sveinsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

## Jaguar Do

(Erlendur Þór Gunnarsson lögmaður)

(Guðmundur Njáll Guðmundsson réttargæslumaður)

## Dómur

### I.

#### Ákæra, dómkröfur og fleira:

Mál þetta, sem dómtekið var 7. mars 2024, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðs-saksóknara 12. febrúar sama ár, á hendur Jaguar Do, kennitala [...], [...], Reykjavík, „fyrir tilraun til manndráps með því að hafa snemma morguns föstudaginn 24. nóvember 2023, veist að A, kennitala [...], með hníf, fyrst utandyra fyrir utan íbúð [...] að [...] og síðan á leið þeirri sem A hljóp undan ákærða frá [...] að [...] við [...] í Reykjavík, en ákærði lagði margsinnis til A og stakk hann með hnífnum með þeim afleiðingum að A hlaut 2-2,5 cm stungusár aftanvert á vinstri brjóstakassa yfir herðablaði, 2,5 cm stungusár framanvert á hægri brjóstakassa og síðu yfir rifjabarðinu skáhallt niður frá geirvörtu og beint neðan undan fremri fellingu holhandar yfir lifrarsvæði, djúpan skurð neðanvert á vinstri framhandlegg niður undan olnboga sem fór að hluta til í gegnum sínar og sinafell þannig að réttisin olnboga var tekin í sundur að hluta og djúpt inn í vöðvann og skurð á vinstri baugfingri þar sem stór hluti gómsins skarst af lófamegin.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala [...], kröfuhafa og brotþola, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum kr. 2.500.000.- í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. nóvember 2023 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Eins er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað brotþola að skaðlausu, þ.e. þóknun réttargæslumanns hans Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómstóla og að tekið verði tillit til þess að kröfuhafi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili. Þess er að lokum krafist að lögmaðurinn Guðmundur Njáll Guðmundsson verði skipaður réttargæslumaður brotþola A þegar mál þetta fer fyrir dóm.“

Ákæra ásamt greinargerð vegna einkaréttarkröfu var birt fyrir ákærða 16. febrúar 2024 og málið var þingfest 20. sama mánaðar. Ákæruvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru. A, hér eftir nefndur brotþoli, gerir sömu kröfu um miskabætur, vexti og dráttarvexti og greinir í ákæru, og krefst auk þess hæfilegrar þóknunar til handa skipuðum réttargæslumanni sem greiðist úr ríkissjóði, sbr. tímaskýrslu. Ákærði neitar sök en játar háttsemi eins og henni er lýst í ákæru. Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Einnig krefst hann verulegrar lækkunar á fjárhæð bótakröfu að því marki sem hún komi til efnisúrlausnar. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði, sbr. tímaskýrslu. Með hliðsjón af vörnum ákærða, og fyrir tilstilli dómsins, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, var málið sótt og varið til vara með vísan til 2. mgr. 218. gr. í almennum hegningarlögum, nánar tiltekið hvort sakarefnið gæti átt undir það refsíákvæði ef ásetningur til manndraps teldist ekki vera sannaður.

## II.

### Málsatvik:

#### 1.

Atvik áttu sér stað aðfaranótt eða undir morgun föstudagsins 24. nóvember 2023 á þeim stað sem greinir í ákæru. Um er að ræða íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi. Brotþoli og vinkona hans, B, fóru með leigubifreið frá [...] í samkvæmi í íbúð að [...]. Á staðnum var húsráðandi, C, ásamt gestunum D, E, F, G, auk ákærða. Undanfari þess að brotþoli og B fóru í samkvæmið var skilaboðasamskipti fyrr um nóttina á milli brotþola, F og/eða G en kunningsskapur var þeirra á milli. Ágreiningur er um hvort brotþoli hafi öðrum þræði komið á staðinn í tengslum við sölu hans eða aðra meðferð á fíkniefnum eða hvort

hann hafi aðeins komið sem gestur, sbr. nánar skýrslur fyrir dómi. Brotapoli og B dvöldu ekki lengi í samkvæminu en brotapoli hafði samband við sama leigubifreiðastjóra og áður, sem hann kannaðist við, og bað um að verða sóttur, sbr. nánar síðar.

Á leið úr húsnæðinu og þar fyrir utan, á meðan beðið var eftir leigubifreiðinni, kom til samskipta sem voru að minnsta kosti á milli ákærða og brotapola. Að sögn lögreglu varð þetta til þess ákærði er talinn hafa gert endurtekna atögu að brotapola með hnífi, annars vegar fyrir utan húsnæðið og hins vegar á leið frá því, eins og nánar greinir í ákæru. Að auki, og út frá því sem greinir í rannsóknargögnum, voru D, C og E grunaðir um hafa á einn eða annan hátt komið að þeim atvikum með því að halda brotapola í upphafi atlögunnar og/eða í framhaldi með því að veita honum eftirför og/eða veitast með öðru ofbeldi að honum.

Á sama tíma og fyrrgreind meint atvik urðu átti vegfarandi leið hjá í bifreið sem ekið var um [...]. Var um að ræða lögreglukonu nr. [1] sem var á frívakt á leið á íþróttæfingu. Samkvæmt greinargerð lögreglukonunnar sá hún hvar þrír menn voru að veitast að brotapola sem lá á bakinu á götunni á [...]. Lögreglukonan gerði hinum meintu árásarmönnum vart við sig og kom til orðaskipta þeirra á milli sem varð til þess að hún gerði þeim grein fyrir við hvað hún starfaði, sem og að hún ætlaði að kalla til lögreglu. Einn hinna meintu árásarmanna hörfaði þá þegar á brott en hinir tveir stöldruðu lengur við og stóðu áfram yfir brotapola. Lögreglukonan tók ljósmynd af þeim sem eftir voru en þeir fóru stuttu síðar af staðnum. Í framhaldi gaf lögreglukonan sig á tal við brotapola og var hann með meðvitund en mjög blóðugur. Bar hún kennsl á hann vegna sögu hans hjá lögreglu. Að sögn lögreglu greindi brotapoli lögreglukonunni frá því að mennirnir hefðu ætlað að stinga hann en hann kvaðst ekki vera viss um hvort hann hefði verið stunginn. Blóðstraumur lak um leið frá síðu hans. Brotapoli afþakkaði aðstoð lögreglu og sjúkrabifreiðar. Á sama tíma bar að leigubifreið og kvaðst ökumaðurinn ætla að aka brotapola á bráðamóttöku. Einnig gaf B sig fram á svipuðum tíma og kvaðst vilja fara með brotapola í leigubifreiðinni. Leiddi þetta til þess að brotapoli og B fóru frá staðnum með leigubifreiðinni en lögreglukonan varð eftir. Hringdi hún strax í kjölfarið í fjarskiptamiðstöð lögreglu og fékk samband við varðstjóra á lögreglustöð á Vínlandsleið og greindi frá því sem hefði gerst. Lögreglukonan fór í framhaldi af staðnum að höfðu samráði við varðstjóran.

Samkvæmt lögregluskýrslu fyrrgreinds varðstjóra um upphaf máls barst áðurnefnt símtal frá lögreglukonunni klukkan 06:50. Þá greinir í sömu skýrslu, sbr. frumskýrslu, að tilkynning hafi borist um tíu mínútum síðar frá fjarskiptamiðstöð lögreglu um að slasaður maður, í fylgd stúlku, hefði leitað á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi eftir hnífstungu. Jafnframt kom fram að þau hefðu komið með leigubifreið. Varð þetta til þess að lögreglumenn voru sendir með hraði á bráðamóttökuna. Þá voru aðrir lögreglumenn kallaðir til starfa til að fara á ætlaðan brotavettvang, þar á meðal fyrrgreind lögreglukona sem var á frívakt, auk starfslíðs frá tæknideild lögreglu. Viðbúnaður lögreglu var með meira móti og var meðal annars hlutast til um lokanir á brotavettvangi og varðveislu sakargagna. Síðar um morguninn voru komnar fram upplýsingar um að hinir grunuðu kynnu að vera staddir í fyrrgreindri íbúð að [...]. Lögregla, með aðkomu sérsveitar, fór í framhaldi á staðinn og var blóðkám á útidyrhurðinni. Þegar lögreglumenn knúðu dyra var ekki svarað en dyrnar voru ólæstar. Þegar lögreglumenn voru komnir inn í íbúðina reyndust C, E, G og F vera á staðnum. Voru þau handtekin og flutt á lögreglustöð en þau voru í annarlegu ástandi á þeim tíma.

Í framhaldi fengust að nokkru marki upplýsingar frá hinum handteknu, misjafnlega greinargóðar, um hvað hefði gerst og hverjir komið við sögu. Á svipuðum tíma ræddu aðrir lögreglumenn við brotþola og B á bráðamóttöku þar sem hið sama kom að nokkru marki fram. Brotþoli tjáði sig fremur lítið við lögreglu um hvað gerðist og vildi takmarkað greina frá hver eða hverjir voru að verki. B greindi hins vegar að nokkru marki frá atvikum og aðdraganda þeirra en hún reyndist hafa takmarkaðar upplýsingar um nöfn þeirra manna sem komu við sögu. Í aðalatriðum leiddi framangreind upplýsingaöflun til þess, að teknu tilliti til áverka brotþola, að rökstuddur grunur var að minnsta kosti uppi um ætlaða hnífaárás á brotþola. Jafnframt að það hefðu verið ákærði og D sem virtust að minnsta kosti hafa komið við sögu á einn eða annan hátt sem ætlaðir gerendur. Þessu tengt varð að sögn lögreglu sama morgun vart við ferðir móður D í nágrenni við brotavettvang þegar lögreglumenn voru þar við störf. Var henni tjáð að D væri eftirlýstur en að sögn lögreglu virtist hún ófús að ræða við lögreglumenn eða veita upplýsingar um ferðir sonar síns. Gerð var leit að D í stigagöngum nálægra fjölbýlishúsa en hann fannst ekki. Einnig var sama morgun farið á heimili ákærða í sama íbúðahverfi, auk fleiri staða, en hvorki hann né D fundust.

Vettvangsrannsókn tæknideildar fór fram sama morgun utandyra á [...] og innandyra í umræddri íbúð. Lagt var hald á sakargögn, þar á meðal snjallsíma brotþola sem fannst brotinn og liggjandi á götu við [...]. Einnig fannst taska með vegabréfi D í íbúðinni. Að auki var lagt hald á fatnað brotþola á bráðamóttöku. Enn fremur var lagt hald á hníf með svörtu skefti sem fannst við [...] og var hnífurinn rannsakaður frekar af tæknideild. Síðar

sama morgun fór fram rannsókn tæknideildar á fyrrgreindri leigubifreið. Var lítilsháttar blóð í bifreiðinni en að öðru leyti reyndist vera búið að þrífa hana. Samkvæmt skýrslum tæknideildar fór fram rannsókn á hinum haldlagða hnífi og komu í ljós blettir sem gáfu jákvæðar svaranir í prófum við því að vera blóð og þar með nothæf lífsýni til DNA-kennslaggreiningar. Þá voru stroksýni varðveitt af skefti hnífsins og var ekki talið unnt að útiloka að þar væru til staðar lífsýni í formi þekjufruma og þar með mögulega til staðar nothæf lífsýni til kennslaggreiningar. Einnig var gerð fingrafaraleit á hnífnum en engin nothæf fingraför komu fram við rannsóknina. Af hálfu lögreglu var ekki hlutast til um DNA-rannsókn á hnífnum. Að sögn ákærvaldsins var miðað við að rannsókn málsins hefði ekki leitt nægjanlega í ljós að hnífurinn gæti tengst sakarefninu.

Sama morgun var tekin skýrsla af leigubifreiðastjóranum, H, með réttarstöðu vitnis. Greindi hann meðal annars frá því að hafa ekið brotþola og vinkonu hans umræddan morgun frá [...] í samkvæmi að [...]. Vitnið hefði fengið skilaboð frá brotþola um 15–20 mínútum síðar um að koma og sækja þau. Þegar vitnið var komið á staðinn hefði hann séð brotþola liggja á jörðinni og fólk standa hjá, auk nálægrrar bifreiðar. Vinkona brotþola hefði meðal annars verið á staðnum, auk konu sem kynnti sig sem lögreglukonu. Brotþola hefði verið hjálpað við að rísa á fætur og hann sest inn í bifreiðina. Vitnið hefði séð að brotþoli var skorinn og með blæðingu. Þá hefði vitninu fundist eins og brotþoli væri að lognast út af og því hefði vitnið brugðið á það ráð að keyra tafarlaust með hann á bráðamóttöku og á leiðinni gert móttökunni viðvart símleiðis.

### 3.

Síðar sama dag fóru fram skýrslutökur af þeim fjórum sem höfðu verið handtekin, sbr. framangreint. G gaf framburðarskýrslu með réttarstöðu vitnis en framburður hennar var mjög óskýr og virtist hún vera í miklu ójafnvægi út af handtökunni og meintri líkamsárás gegn sér í íbúðinni nokkru áður en hún var handtekin þar sem hún vísaði á D sem meintan geranda. Var framburður hennar mjög litaður af framangreindum atvikum. Í aðalatriðum virtist hún þó kannast við að hafa verið í samkvæmi heima hjá C og þar hefðu einnig verið E, F, D og fleira fólk. Þá kvaðst hún kannast við að brotþoli hefði komið á staðinn og að þau þekktust. Einnig greindi hún frá að hafa séð hann og/eða aðra sem voru þar inni hlaupa fyrir utan en hún virtist ekki hafa vitneskju um meinta hnífaárás fyrir utan húsnaðið.

F gaf einnig framburðarskýrslu með réttarstöðu vitnis. Greindi hún meðal annars frá því að hún hefði boðið brotþola að koma í samkvæmið og hann komið með vinkonu sinni. Á staðnum hefði einnig verið fyrrgreint fólk sem var handtekið með henni, auk D og ákærða. Brotþoli og vinkona hans hefðu stoppað stutt og verið á förum og vitnið að

fylgja þeim út. Vitnið hefði séð D, sem var á hækjum, ráðast á brotaþola, ásamt fleirum. Sagði hún atvik hafa gerst hratt. Kom meðal annars fram hjá henni að fleiri en einn hefðu ráðist á brotaþola og einnig kvaðst hún hafa séð D hlaupa á eftir brotaþola. Að auki kom fram í frásögninni að hún hefði séð D og ákærða ráðast að brotaþola en hún hefði ekki séð alla árásina. Kvaðst hún ekki vita að árás á brotaþola hefði verið hnífaárás og ekki séð neinn með hníf. Sagði hún D síðan hafa komið nokkru síðar inn í íbúðina og veist með ofbeldi að G út af ummælum sem hún lét falla í hans garð.

C gaf skýrslu með réttarstöðu sakbornings en vildi ekki veita upplýsingar um það hverjir voru gestkomandi hjá honum í umrætt skipti. Bar hann fyrir sig minnisleysi út af áfengisneyslu og kvaðst enga vitneskju hafa um hnífaárás. Kannaðist hann við að hafa orðið var við að fólk hlypi út úr íbúðinni og einhver læti orðið fyrir utan og hann athugað hvað gengi á. Hann sjálfur hefði ekki tekið þátt í neinu og ekki séð neitt ofbeldi. Bar hann kennsl á sjálfan sig á ljósmynd standandi yfir brotaþola og kvaðst hafa komið að honum liggjandi en ekki vitað hvað gerðist og ekki gert sér grein fyrir því að hann væri slasaður. C var látinn laus síðar sama kvöld eftir skýrslutökuna.

E gaf skýrslu með réttarstöðu sakbornings og kannaðist við að hafa verið í samkvæminu. Vildi hann ekki greina frá hverjir voru með honum og bar um að hafa sjálfur allan tímann verið inni í íbúðinni. Kvaðst hann ekki vita um neina hnífaárás þar fyrir utan. Frekar spurður bar hann kennsl á sjálfan sig á ljósmynd standandi yfir brotaþola. Kvaðst hann ekki þekkja manninn og sagði að myndin hefði verið tekin fyrir samkvæmið. Þá kvaðst hann ekki hafa haft vitneskju um að maðurinn hefði verið stunginn. E var látinn laus síðar sama kvöld eftir skýrslutökuna.

#### 4.

Ákærði var handtekinn að kvöldi sunnudagsins 26. nóvember 2023 á heimili móður sinnar. Hann gaf framburðarskýrslu 27. sama mánaðar með réttarstöðu sakbornings og kannaðist við að hafa stungið brotaþola með hnífi. Greindi hann meðal annars frá því að brotaþoli hefði komið í samkvæmið til að selja gestum kókaín. Ákærði hefði fundið að gæðum fíkniefnanna og ósætti blossað upp milli hans og brotaþola. Lýsti hann atvikum með þeim hætti að brotaþoli hefði komið að ákærða fyrir utan húsið og ýtt honum upp að vegg. Ákærði hefði brugðist við með sama hætti og stungið brotaþola í öxlina. Brotaþoli hefði hlaupið af stað og ákærði rífið í bol hans svo hann rifnaði. Ákærði hefði síðan hlaupið á eftir brotaþola og þeir hefðu stuttu síðar báðir dottið í hálfu. Ákærði greindi einnig frá því að hann hefði stungið brotaþola í bakið eða öxlina í þessum atvikum. Þeir hefðu síðan hlaupið aftur af stað en dottið að nýju. Sagðist ákærði hafa fengið högg frá brotaþola þegar hann reyndi að ýta honum frá sér og ákærði hefði þá stungið brotaþola í

höndina. Í framhaldi hefði aðra vegfarendur borið að. Kvaðst ákærði hafa gætt þess að stinga brotaþola ekki á viðkvæma staði eins og háls, höfuð og maga heldur í axlir og hendur. Greindi hann frá því að E og C hefðu komið að atvikum eftir að ákærði og brotaþoli dattu í seinna skiptið. D hefði hins vegar allan tímann verið í dyragættinni og ekki komið út. Ákærði var ekki látinn laus úr haldi lögreglu eftir skýrslutökuna. Þá hefur hann sætt gæsluvarðhaldi óslitið frá 27. nóvember 2023 á grundvelli almannahagsmuna, sbr. meðal annars úrskurði Landsréttar í málum nr. [...], [...], [...] og [...].

## 5.

Brotaþoli gaf framburðarskýrslu 29. nóvember 2023 með réttarstöðu vitnis. Í framburði hans kom meðal annars fram það sama og áður greinir um för hans og B með leigubifreið í fyrrgreint samkvæmi, sem og um vináttutengsl við F og G. Um atvik í íbúðinni greindi brotaþoli í aðalatriðum frá því að sér hefði ekki litist á karlmennina sem voru í samkvæminu. Hann hefði kannast við einn þeirra með nafni, þ.e. D, en þeir hefðu ekki þekkt eða verið vinir. Brotaþoli hefði ekki haft nein sérstök samskipti við mennina í íbúðinni. Hann hefði haft óþægilega tilfinningu fyrir því að vera þarna og fljótlega viljað fara og hringt á leigubifreið. Vísaði hann alfarið á bug framburði ákærða um að hann hefði verið að selja fíkniefni og að ósætti hefði blossað upp eða hann hefði verið ógnandi. Brotaþoli kannaðist hins vegar við að hafa neytt smáræðis af kókaíni í íbúðinni og fengið efnið frá þeim sem voru á staðnum. Brotaþoli hefði verið á leið út en orðið var við mennina koma á eftir sér. Hann hefði haldið að þeir ætluðu að fylgja honum til dyra í kveðjuskygni en þeir hefðu haldið honum og stungið hann fyrir utan húsið. Lýsti hann því nánar með þeim hætti að D og ákærði hefðu veist að honum, D með því að grípa í hann og reyna að halda honum og ákærði með því að stinga hann með hnífi. Brotaþoli hefði rifið sig lausan og hlaupið burt en stuttu síðar dottið og greindi hann frá stungum. Brotaþoli kvaðst hafa risið upp aftur og hlaupið á brott en dottið aftur stuttu síðar og þá hefði hann aftur verið stunginn. Brotaþoli gat ekki sagt til um fjölda stungna í upphafi á meðan honum var haldið fyrir utan húsið. Þá greindi hann frá stungum á síðari stigum atburðarásarinnar, í kvið hægra megin, herðablað vinstra megin og í vinstri upphandlegginn, auk þess sem flegið hefði verið framan af fingri. Hann var hins vegar óviss um röð þeirra atvika og hvar og hvenær þau áttu sér stað. Þá kvaðst hann ekki hafa séð hnífinn, aðeins hafa fundið fyrir honum. Brotaþoli kvaðst telja eftir á að árásin gæti hafa verið fyrirfram ákveðin og hún tengst óvild annars manns í hans garð sem hann útskýrði nánar.

## 6.

Vitnið B gaf framburðarskýrslu 29. nóvember 2023. Í framburði hennar kom meðal annars fram það sama og áður greinir um för hennar og ákærða í fyrrgreint samkvæmi

og að F hefði komið við sögu. Þá greindi hún frá svipaðri upplifun og brotaþoli í samkvæminu og að þau hefðu fljótlega viljað fara. Um atvik inni í íbúðinni greindi B meðal annars frá því að brotaþoli hefði farið inn í herbergi með manni á staðnum og þeir lokað að sér. Þá kvaðst hún aðspurð ekki útiloka að brotaþoli hefði verið að selja kókaín í umrætt skipti en hann hefði áður verið í slíku. Hvað varðaði meinta árás greindi vitnið frá byrjun þeirra atvika með svipuðum hætti og brotaþoli. Í aðalatriðum kom fram hjá henni að þrír menn, ákærði, D og einn til viðbótar, hefðu komið út af baðherbergi, farið á eftir brotaþola og haldið honum þegar þau voru á leið úr íbúðinni. Þá hefðu tveir af mönnunum hlaupið á eftir brotaþola. Vitnið hefði séð einhvern af mönnunum með hníf á lofti en hún kvaðst ekki vita eða hafa séð hvort hnífnum var beitt gegn brotaþola. Henni hefði sýnst hnífurinn vera með hvítu skafti. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hvað gerðist í framhaldinu þar sem hún hefði farið sem leið lá hinum megin við blokkina, þ.e. í gagnstæða átt miðað við leið brotaþola og á meðan hefði hún ekki séð hvað gerðist hjá honum. Þá kvaðst hún stuttu síðar hafa séð brotaþola þar sem hann var liggjandi á jörðinni og með tvo menn standandi yfir sér og einhverjar bifreiðir verið nálægar. Annar mannanna hefði verið C. Hún hefði hraðað sér til brotaþola og hjálpað til við að koma honum í bifreið sem síðan var ekið sem leið lá á bráðamóttöku.

#### 7.

Ekki reyndist unnt að finna D í framhaldi af fyrrgreindum atvikum og leitaðist lögregla við að hafa uppi á honum. Það var síðan ekki fyrr en 12. desember 2023 sem hann gaf skýrslu á lögreglustöð vegna málsins með réttarstöðu sakbornings. Af gögnum verður ráðið að hann hafi mætt sjálfviljugur til skýrslutökunnar ásamt lögmanni sem var tilnefndur verjandi hans. Við skýrslutökuna neitaði D sök og vildi ekki tjá sig og svara spurningum um sakarefnið og önnur atvik. D var frjálts ferða sinna eftir skýrslutökuna og ekki var hlutast til um að hann sætti gæsluvarðhaldi vegna meðferðar málsins.

#### 8.

Samkvæmt vottorði I sérfræðilæknis, dags. 9. febrúar 2024, var brotaþoli með áverka sem greinir í verknaðarlýsingu ákæru. Um frásögn brotaþola við komu á bráðamóttöku greinir meðal annars að hann hafi sagst hafa verið skorinn og stunginn. Í niðurlagi vottorðsins greinir meðal annars að um hafi verið að ræða alvarlega áverka og þeir verið í samræmi við lýsingu brotaþola á atvikum. Áverkar á bæði fram- og bakvegg brjóstkassa hafi samrýmst því að vera stunguáverkar eftir hníf eða einhvers konar eggvopn. Þeir áverkar hafi verið grunnir og ekki náð inn í dýpri líffæri. Skurður á vinstri upphandlegg hafi einnig samrýmst því að vera skurður eftir eggvopn. Sár á brjóstkassa og fingri var talið myndu gróa á fjórum til sex vikum hið mesta. Sár á fingri var talið myndu gróa frá botni og ekki skilja eftir sig alvarlegar varanlegar afleiðingar en mögulega leiða til

örmyndunar á gómi með skyntruflunum. Hvað varðaði áverka á upphandlegg var tekið fram að brotþoli þyrfti að vera undir eftirliti hjá bæklunarlæknum út af því. Aðrir áverkar voru taldir myndu gróa án annarra líkamlegra afleiðinga en mögulega leiða af sér örmyndun. Hin meinta árás var talin vera alvarleg þótt sárin sem slík hefðu ekki verið lífshættuleg. Í því samhengi var vísað til þess að ef stungusár í brjóstholi, kviðarholi og lifrarstað hefðu náð dýpra hefðu verið miklar líkur á alvarlegum blæðingum og mögulega samfalli á lunga sem hefði getað verið lífshættulegt.

### III.

#### Skýrslur fyrir dómi:

##### 1.

Ákærði greindi meðal annars frá því að hafa ásamt fleira fólki verið í samkvæmi á heimili C að [...]. Áfengi hefði verið haft um hönd en drykkja ákærða hefði verið óveruleg. Stúlka í samkvæminu hefði hringt í brotþola og beðið hann að koma á staðinn til að selja þeim fíkniefni. Brotþoli hefði komið nokkru síðar og verið í samskiptum við fólk í íbúðinni. Ákærði og brotþoli hefðu ekki þekkt fyrir. Ákærði hefði smakkað smáræði af fíkniefnunum en gert athugasemdir við gæði efnanna. Brotþoli hefði tekið því illa og orðið æstur og pirraður og rætt einslega við ákærða inni í herbergi. Þá hefði brotþoli farið að hóta ákærða inni í herberginu með því að segjast ætla að vinna fjölskyldu hans mein. Ákærði hefði tekið hótanirnar alvarlega.

Brotþoli hefði síðan farið úr íbúðinni og í bifreið þar fyrir utan en sagst ætla að koma til baka. Ákærði hefði síðan fljótlega séð brotþola ganga hratt í áttina að sér og talið hann vera með hníf, hamar eða annað vopn meðferðis. Ákærði hefði talið hann ætla að nota vopn gegn sér til að skaða hann út af því sem áður greinir um samskipti þeirra vegna fíkniefnanna. Ákærði hefði virst vera með eitthvað á sér sem hann væri að fela. Ákærði hefði tekið eldhúshníf sem var í íbúðinni þegar hann sá til brotþola koma til baka. Hann hefði verið hræddur og ætlað að verja sig. Um hefði verið að ræða lítinn eldhúshníf, ekki borðhníf, og hnífurinn verið áþekkur þeim hnífi sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði greindi frá atvikum sem hefðu átt sér stað fyrir utan húsnæðið. Brotþoli hefði komið til baka, eins og áður greinir, og að honum og snert snöggt á honum öxlina. Viðbrögð ákærða hefðu verið skjót og hann stungið brotþola með hnífnum. Hann hefði ætlað að verja sig fyrir brotþola og að meiða hann svo hann lærði af því að vera ekki með hótanir í garð fjölskyldu ákærða. Ákærði hefði reynt að miða stungurnar á öxl og

hönd en brotápoli hefði á sama tíma verið að hreyfa sig. Ákærði hefði með þessu reynt að beina stungum á líkama brotápolá þannig að hann myndi ekki hljóta bana af. Hann hefði því ekki stungið hann í háls, hjarta eða maga. Þá hefði ákærði í sama tilgangi aðeins reynt að stinga brotápolá grunnt. Ákærði greindi frá tveimur til þremur stungum sem hefðu allar átt sér stað í upphafi og við byrjun atvika fyrir utan húsið. Í því samhengi greindi hann í aðalatriðum frá stungum í öxl, bak, hendur og/eða síðu, þar á meðal að þær hefðu átt sér stað í byrjun og þegar brotápoli hljóp frá ákærða sem á sama tíma greip í bol hans sem rifnaði. Einnig greindi ákærði frá því að hafa farið á eftir brotápolá og að hinn síðarefndi hefði dottið í þrjú skipti á jörðina. Ákærði hefði aldrei stungið brotápolá í eftirförinni eða þegar hann var liggjandi á jörðinni. Hvað eftirförina varðaði greindi ákærði hins vegar frá því að brotápoli hefði skorist á hendi í fyrsta skipti þegar hann datt aftur fyrir sig á jörðina. Hann hefði sett höndina fyrir sig og gripið um hníf ákærða. Ákærði hefði farið á eftir brotápolá eins og áður greinir þar sem hann hefði verið ósáttur við hann út af hótununum. Þá hefði hann staðið yfir brotápolá og verið að vara hann við út af því sem áður greinir þegar vegfaranda bar að. Þá hefði ákærði í framhaldi gengið á brott.

Ákærði greindi einnig frá því að nær allir sem voru í samkvæminu hefðu verið viðstaddir og horft á þegar fyrrgreind atvik áttu sér stað fyrir utan húsið. Ákærði hefði hins vegar verið einn að verki. Enginn af þeim sem þar voru staddir hefðu hjálpað honum og þá hefði D verið á hækjum og því ófær um athafnir gegn brotápolá. Ákærði hefði eftir þetta farið á annan stað síðar um nóttina og verið einn á ferð. Þá hefði hann nokkru síðar losað sig við hnífinn í nágrenni við [...].

## 2.

Brotápoli greindi meðal annars frá því að hafa komið í samkvæmi í umrætt skipti á þeim stað sem áður greinir. Aðdragandinn hefði verið með þeim hætti að F sendi honum skilaboð og bauð honum að koma. Hann hefði líka þekkt G sem var á staðnum. Brotápoli hefði á þessum tíma verið staddur í heimsókn hjá vinkonu sinni, B, og þau farið saman í samkvæmið með leigubifreið. Hann hefði kannast við bifreiðastjórann og fengið hann til að keyra þau á staðinn. Þegar komið var í samkvæmið hefði brotápoli fljótt skynjað óþægilega eða skrýtna stemningu hjá þeim sem þar voru staddir. Fólk hefði setið í sófa og verið að tala saman og ástand þess hefði ekki verið gott með tilliti til vímuefna. Þá hefði íbúðin borið þess greinileg merki. Brotápoli hefði verið búinn að neyta áfengis og hann verið lítilllega undir áhrifum fíkniefna. Þá kannaðist brotápoli við að hafa fengið kókaín hjá einhverjum í samkvæminu en ekkert ósætti hefði orðið út af því. Frekar spurður kannaðist hann við að hafa rætt við einhvern á staðnum í trúnaði í herbergi eins og gangi og gerist hjá fólki í samkvæmi. Það hefði ekki tengst fíkniefnum. Brotápoli

hefði ekki verið í samskiptum við ákærða í herbergi í íbúðinni og hann hefði ekki hótað ákærða neinu. Ekkert slíkt hefði átt sér stað. Þá vísaði brotapolí því alfarið á bug að hafa komið á staðinn til að selja fíkniefni. Ekkert persónulegt ósætti hefði verið milli brotþola og annarra sem voru á staðnum. Brotapolí kvaðst hins vegar eftir á að hyggja telja hugsanlegt að atvik gætu óbeint tengst öðrum manni sem ekki var á staðnum, sem hann útskýrði nánar.

Brotapolí hefði ekki verið búinn að vera lengi í samkvæminu þegar hann vildi fara af staðnum. Hann hefði sent sama leigubifreiðastjóra og áður skilaboð um að koma og sækja sig. Brotapolí hefði síðan farið einn úr íbúðinni. Frekar spurður kvaðst brotapolí ekki hafa farið út til að sækja neitt og ekki hafa verið með neina bifreið á staðnum. Hann hefði ekki sagt neitt við ákærða um að hann ætlaði að fara út og koma aftur. Þá kvaðst brotapolí hafa verið óvopnaður.

Hvað varðaði umrædda meinta árás greindi brotapolí frá því að hann hefði verið einn fyrir utan húsnæðið og séð ákærða, D og tvo aðra koma í áttina til sín. B hefði á sama tíma verið að koma út úr húsnæðinu. Brotapolí hefði haldið að mennirnir væru að koma til þess að kveðja hann. Hann hefði gengið í áttina til þeirra og ætlað að faðma D en fundið að D greip um hann og hélt honum. Á sama tíma hefði hann fundið að hann var stunginn í bakið. Greindi hann frá því að það hefði verði ákærði sem veitti honum stunguna. Brotapolí hefði rífið sig lausan og hlaupið burt á milli húsa. Hann hefði dottið á leiðinni. Ákærði hefði farið á eftir honum og einhverjir aðrir nálægir sem brotapolí kvaðst ekki þekkja með nafni. Um hefði verið að ræða tvær stungur, opið sár eða skurð, auk þess sem hann hefði hlotið skurð á fingur. Frekar spurður kvaðst brotapolí muna eftir stungunni í bakið í byrjun en að öðru leyti kvaðst hann ekki muna hvenær hann fékk hina áverkana eða í hvaða röð það var. Þá kvaðst brotapolí ekki geta lýst hnífnum. Atvik hefðu gerst hratt. Á endanum hefði hann legið á jörðinni og tveir menn staðið yfir honum. Ákærði hefði líklega hætt að veitast að honum með hnífnum þegar brotapolí var kominn út á götu og bifreiðir verið nálægar. Ákærði hefði síðan hlaupið burt. Frekar spurður um framangreint vísaði brotapolí því alfarið á bug að hann hefði ýtt við eða slegið ákærða eða aðra sem voru fyrir utan eða að nokkur atvik af þeim toga hefðu átt sér stað sem leiddu til fyrrgreindra atvika. Hann hefði ekki hótað eða talað niðrandi um fjölskyldu ákærða. Brotapolí hefði ekki átt nein upptök að því sem gerðist og atvik hefðu komið honum á óvart. Engin átök eða rifrildi hefðu átt sér stað sem leiddu til hinnar meintu árásar.

Brotapolí greindi einnig frá því að leigubifreiðin og lögreglukona á frívakt hefðu komið á staðinn undir lok fyrrgreindra atvika þegar hann lá á jörðinni. B hefði gert að sárum

hans og fylgt honum í leigubifreið á bráðamóttöku. Hann hefði verið mjög blóðugur og verið búinn að missa mikið blóð. Umrædd atvik hefðu gengið mjög nærri honum andlega og hann tekið þau nærri sér og líðan hans og annarra nákominna ekki verið góð út af því sem gerðist. Þá kvaðst hann enn vera að glíma við líkamlegar afleiðingar vegna árásarinnar, auk þess að hafa orðið fyrir atvinnutjóni.

### 3.

Vitnið B greindi meðal annars frá því að brotþoli hefði komið við hjá henni umrædda nótt eftir að hafa verið úti að skemmta sér. Þau hefðu síðan farið saman í samkvæmi eftir að vinkonur hans hringdu í hann. Vitnið kvaðst ekki vita ástæður þess að þær hringdu í hann. Þegar þau komu á staðinn hefðu vinkonurnar tekið á móti þeim og þá hefðu fjórir aðrir menn verið á staðnum sem hefðu kynnt sig fyrir vitninu. Vinkonurnar hefðu farið að útbúa drykki, vitnið hefði fengi sér sæti og brotþoli farið inn í herbergi með einum af strákunum, C. Vitnið kvaðst ekki vita ástæður þess að þeir tveir fóru saman inn í herbergið en þeir hefðu ekki verið lengi þar inni. Frekar spurð greindi vitnið frá því að brotþoli hefði ekki farið inn í herbergið með ákærða. Fólk á staðnum hefði verið undir miklum vímuáhrifum og vitnið ekki þekkt neinn á staðnum og ekki litist á stemminguna.

Vitnið og brotþoli hefðu fljótlega ákveðið að fara en heildartíminn sem þau voru í samkvæminu, þ.e. frá því þau komu og þar til þau ætluðu að fara, hefði verið um 10–15 mínútur. Á þeim tíma hefði ekkert rífrildi átt sér stað milli brotþola og annarra sem voru í samkvæminu og hann hefði ekki átt nein upptök að því sem síðan gerðist. Vitnið lýsti atvikum þegar þau voru að fara með þeim hætti að hún hefði verið að kveðja vinkonur brotþola og brotþoli verið að tala við C og þeir verið komnir út úr herberginu. Á sama tíma hefðu ákærði, D og þriðji strákurinn verið saman inni á salerni. Brotþoli hefði hringt eftir leigubifreið og þau verið að fara út þegar fyrrgreindir þrír menn komu út af salerninu og spurðu hvort þau væru að fara. Vitnið hefði ætlað að svara en mennirnir þá hlaupið fram hjá henni og tekið brotþola og haldið honum uppi við vegg fyrir utan íbúðina. Þeir hefðu allir verið uppi við hann og öskrað á hann. Vitnið hefði ekki greint orðaskil en mennirnir verið að hóta honum einhverju. Vitnið hefði séð einhvern þeirra halda á hnífi en hún kvaðst ekki geta sagt til um hver það var. Þá hefði hún ekki séð hver stakk brotþola ef hann var stunginn. Brotþoli hefði síðan slitið sig lausan og hlaupið á brott. Þá hefði vitnið séð tvo menn hlaupa á eftir honum en hún kvaðst ekki vita hverjir það voru sem hlupu á eftir honum. Þá hefði hún séð brotþola renna í brekku þegar það átti sér stað. Vitnið hefði farið í aðra átt utandyra en brotþoli og hún ekki verið með útsýni yfir það sem gerðist næst.

Vitnið hefði nokkru síðar séð að brotapolí lá á götunni og mennirnir standandi yfir honum. Vitnið hefði til að byrja með staðið á lengdar en síðan séð að tvær bifreiðir nálguðust staðinn úr gagnstæðri átt. Mennirnir hefðu í framhaldi farið frá brotapolá og hún farið til hans þar sem hann var liggjandi. Hann hefði verið með stórt blæðandi sár á handleggnum. Þá hefði hún séð aðra áverka á honum í leigubifreiðinni og reynt að stöðva blæðinguna þegar þau voru á leið á bráðamóttöku. Aðspurð kvaðst vitnið vita til þess út frá fyrri samskiptum að brotapolí hefði átt það til að vera með kókaín á sér eða umgangast aðra með slík efni í fórum sínum en hún kvaðst ekki vita hvort hann hefði verið að selja slík efni. Frekar spurð um hið sama út frá lögregluskýrslu kvaðst vitnið ekki geta útskýrt hvers vegna hún virtist kannast við mögulega fíkniefnasölu hjá ákærða þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu.

#### 4.

Vitnið F greindi meðal annars frá því að hafa verið í umræddu samkvæmi en hún og G hefðu fyrr um nóttina verið úti að skemmta sér og hitt brotapolá. Þær hefðu boðið honum að koma í samkvæmið og enginn á staðnum verið ósáttur við það. Brotapolí hefði í framhaldi komið á staðinn og kona verið með honum. Allt hefði verið í góðu á staðnum. Vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis og vera með brotakenndar minningar um atvik. Hún kvaðst ekki vita til þess að brotapolí hefði átt að koma með kókaín en hún kvaðst í því samhengi ekki vita hvað hann og strákarnir í samkvæminu ræddu um. Vitnið kvaðst ekki vita hvort brotapolí fór einn inn í herbergi með einhverjum á staðnum, þar á meðal ákærða. Brotapolí hefði ekki verið ógnandi á neinn hátt. Vitnið hefði ekki séð neinn með vopn á staðnum. Hún kvaðst hafa séð brotapolá á leið út og fyrir utan húsnæðið og konan verið með honum. Einhverjir af strákunum hefðu verið fyrir utan og aðrir inni og þá hefðu menn hlaupið út. Þessu tengt greindi hún frá því að hafa verið að fara inn og út af salerni og G hefði verið meidd. Frekar um þessi atvik greindi vitnið frá því að ákærði og D hefðu verið hjá brotapolá þar sem hann var utandyra og vitnið hefði ætlað að fara út. Þá hefði hún séð ákærða og D fara á eftir brotapolá og D sleppa hækjunum þegar hann fór á eftir honum. Atvik hefðu gerst mjög hratt og komið vitninu á óvart. D hefði komið til baka og inn í íbúðina stuttu síðar en hann hefði síðan farið af staðnum. Þá hefði ákærði líka farið af staðnum í framhaldi af fyrrgreindum atvikum. Vitnið kvaðst ekki kannast við frásögn sem höfð var eftir henni og skráð í lögregluskýrslu við flutning á lögreglustöð eftir handtöku um að brotapolí hefði ætlað að lemja annan nafngreindan mann í samkvæminu

#### 5.

Vitnið G greindi meðal annars frá því að hafa ásamt F hitt brotapolá fyrr um kvöldið í tengslum við að hafa verið úti á lífinu. Þær F hefðu síðar um nóttina farið í samkvæmi á

þeim stað sem um ræðir en brotaþoli hefði farið annað. Þau hefðu verið í símasamskiptum síðar um nóttina og boðið honum að koma í samkvæmið. Það hefði verið óundirbúið og enginn í samkvæminu hefði beðið þær að bjóða honum að koma. Hann hefði komið á staðinn þar sem hann væri kunningi þeirra. Vitnið hefði verið undir miklum áhrifum áfengis og kvaðst hún ekki muna eftir brotaþola eða öðrum koma í samkvæmið eftir að vitnið var komið á staðinn. Þá kvaðst vitnið ekki muna hvort til hefði staðið að kaupa kókaín af brotaþola. Vitnið hefði ekki vitað af neinum átökum á meðan hún var á staðnum en fundið fyrir æsingi án þess að vita að eitthvað væri að fara að gerast. Þá kvaðst vitnið ekki muna eftir að einhver hefði verið með hníf eða beitti hnífi á staðnum. Þau D hefðu farið að rífast og atvik gerst milli þeirra sem vitnið kvaðst ekki vilja greina frá þar sem þau væru málinu óviðkomandi.

## 6.

Vitnið D greindi meðal annars frá því að hafa verið staddur í fyrrgreindu samkvæmi. Brotaþoli hefði verið ógnandi í garð ákærða og það vakið ótta hjá ákærða. Um hefði verið að ræða hótanir sem vitnið kvaðst ekki vita um eða vilja greina frá nánar. Það hefði verið ástæðan fyrir því sem síðar gerðist. Frekar spurður um hinar ætluðu hótanir greindi vitnið frá því að um hefði verið að ræða hótanir brotaþola um líkamsmeiðingar gagnvart ákærða og móður hans. Vitnið kvaðst ekki átta sig á því hversu lengi brotaþoli var á staðnum. Hann hefði farið út og komið til baka. Vitnið hefði séð hann ganga upp að ákærða og ógna honum fyrir utan íbúðina eins og hann ætlaði að gera honum eitthvað. Vitninu hefði fundist háttalag brotaþola vera ógnandi. Hann kvaðst ekki vilja greina nánar frá þeim atvikum með vísan til réttarstöðu samkvæmt 118. gr. laga nr. 88/2008. Hið sama var um ýmsar aðrar spurningar sem lagðar voru fyrir vitnið, meðal annars varðandi aðdraganda og önnur samskipti á staðnum og mögulegar ástæður þess sem gerðist.

## 7.

Vitnið C greindi meðal annars frá því að hafa verið húsráðandi í fyrrgreindu samkvæmi. Vitnið hefði á þeim tíma verið undir miklum áhrifum áfengis og vímuefna og minningar hans um atvik væru þokukenndar. Vitnið kvaðst ekki vita hvers vegna brotaþoli kom eða hver bauð honum eða hversu lengi hann var á staðnum. Vitnið hefði engin samskipti átt við brotaþola í samkvæminu. Þá kvaðst vitnið ekki vita til þess að brotaþoli hefði komið á staðinn til að selja kókaín. Vitnið kvað sig ráma í að hafa heyrt einhverjar hótanir brotaþola í garð ákærða en hann hefði heyrt það í fjarska og ekki greint orðaskil. Að öðru leyti hefði hann ekki tekið eftir að brotaþoli væri ógnandi. Vitnið kvaðst ekki muna hvort brotaþoli fór einn inn í herbergi með einhverjum öðrum á meðan hann var á staðnum. Frekar spurður um hótanir greindi vitnið ýmist frá því að sig minnti að hann hefði heyrt þetta koma úr öðru herbergi eða utan frá. Um hið sama, síðar við skýrslugjöfina, greindi

vitnið frá því að þau atvik hefðu átt sér stað utandyra. Einhverjir hefðu verið fyrir utan að rífast og vitnið heyrð brotþola vera með hótanir án þess að geta greint orðaskil. Vitnið hefði litið út um gluggann og séð brotþola hlaupa á brott en ekki séð neinn fara á eftir honum. Vitnið hefði farið út ásamt E og á eftir brotþola. Enginn annar hefði verið á eftir honum á þeim tíma og vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir ákærða í því samhengi. Vitnið og E hefðu athugað með brotþola þar sem hann var liggjandi á jörðinni en ekki séð að hann væri meiddur. Hann hefði virst vera hræddur. Á svipuðum tíma hefði borið að vegfarendur í bifreiðum. Vitnið kvaðst ekki vita hvort einhver hefði verið með vopn á staðnum eða hvort eldhúshnífur hefði horfið úr íbúðinni eftir samkvæmið. Vitnið hefði aldrei séð ákærða eða neinn annan stinga brotþola. Frekar spurður út frá skýrslugjöf hjá lögreglu kvaðst vitnið á þeim tíma ekki hafa greint frá fyrrgreindum hótunum brotþola og það hefði verið vegna þess að hann hefði ekki verið spurður út í það.

#### 8.

Vitnið E greindi meðal annars frá því að hafa verið í samkvæminu og undir vímuáhrifum. Kvaðst vitnið muna eftir kvöldinu í aðalatriðum. Hann hefði ekki þekkt alla á staðnum og ekki brotþola og kvaðst ekki muna eftir útliti hans. Vitnið kvaðst muna eftir manni og konu koma á staðinn en vitnið hefði ekki verið í neinum samskiptum við þau. Hann kvaðst ekki muna hversu lengi eða hvers vegna þau voru á staðnum eða hvar þau voru stödd í íbúðinni. Hann myndi ekki heldur hvort brotþoli fór inn í herbergi með einhverjum og hefði ekki orðið var við neitt rifrildi eða árás fyrir utan íbúðina. Vitnið hefði hins vegar komið að slösuðum manni utandyra en hann myndi ekki eftir að hafa hlaupið á eftir manninum áður en hann kom að honum. Vitnið hefði ekki séð eða vitað til þess að einhver beitti hnífi á staðnum.

#### 9.

Vitni, lögreglumaður nr. [1], staðfesti lögregluskýrslu og greindi meðal annars frá því að hafa verið á frívakt umræddan morgun og átt leið um [...]. Hún hefði séð mann liggjandi á götunni og þrír menn verið yfir honum. Þeir hefðu verið að veitast að honum með höggum og spörkum. Vitnið hefði blikkað háu ljósunum og síðan ekið ákveðið upp að þeim og spurt hvað þeir væru að gera. Þá hefði hún gert þeim grein fyrir að hún væri lögreglumaður. Einn mannanna, [...], hefði hraðað sér á brott en hinir tveir verið lengur á staðnum. Annar þeirra hefði meðal annars sagt vitninu að vera ekki að skipta sér af þeim. Vitnið hefði tekið ljósmynd af mönnunum tveimur sem eftir voru og gert þeim grein fyrir að hún ætlaði að kalla eftir lögreglu á staðinn. Þeir hefðu síðan farið burt. Vitnið hefði gefið sig að brotþola og áttað sig á því hver hann var út af fyrri afskiptum lögreglu af honum í gegnum tíðina. Hún hefði spurt hann hvað hefði gerst og hann svarað því að mennirnir hefðu ætlað að stinga hann. Bolur brotþola hefði verið flettur upp og

mikil blæðing verið frá síðu og hendi hans. Þá hefði hann verið blóðugur á höndunum. Vitnið hefði þá áttað sig á því að brotþoli hefði orðið fyrir stunguárás. Leigubifreið hefði skyndilega verið ekið að þeim og bifreiðastjórinn kallað á brotþola að koma í bifreiðina og að hann ætlaði að aka honum á bráðamóttöku. Hann hefði sagst vera vinur brotþola og hafa ekið honum stuttu áður. Vitnið hefði gert grein fyrir sér og sagt að rétt væri að kalla á sjúkrabifreið en bifreiðastjórinn hefði ekki ansað því. Á sama tíma hefði kona komið að og sagst vera vinkona brotþola og þau farið saman í leigubifreiðina sem síðan hefði verið ekið á brott. Vitnið hefði í framhaldi haft símasamband við lögreglu og greint frá hvað hefði gerst. Vitnið hefði farið af staðnum í samráði við varðstjóra hjá lögreglu en komið síðar um morguninn að beiðni varðstjóra og aðstoðað við störf á vettvangi.

#### 10.

Vitnið H greindi frá því að hafa ekið brotþola og konu í leigubifreið í samkvæmi á þeim tíma sem um ræðir. Vitnið hefði kannast við brotþola og áður keyrt hann í gegnum tíðina. Vitnið hefði fengið símtal um 10–15 mínútum síðar og verið beðinn að koma og sækja þau á sama stað. Þegar vitnið hefði komið á staðinn hefði brotþoli verið utandyra og liggjandi á jörðinni og tveir eða þrír menn staðið yfir honum. Einn þeirra hefði komið að vitninu og spurt hann hvort hann væri með myndavél í bifreiðinni en svo hefði ekki verið. Einnig hefði kona í annarri bifreið verið þarna sem hefði komið á undan vitninu. Brotþoli hefði síðan komið inn í leigubifreiðina og sama kona og áður verið með honum. Vitnið hefði séð að brotþoli var í rifnum bol og með áverka og að það blæddi mikið úr honum. Hann hefði ekið sem leið lá á bráðamóttöku. Brotþoli hefði virst vera undir áhrifum áfengis og í sjokki og hefði hann fallið í yfirlið á leiðinni.

#### 11.

Vitni, lögregluvarðstjóri nr. [2], staðfesti skýrslu um upphaf máls og greindi því að hafa móttekið símtal umræddan morgun frá lögreglumanni nr. [1], sem var á frívakt, um ætlaða hnífaárás á þeim stað sem um ræðir og að þrír menn hefðu verið að veitast að liggjandi manni. Vitnið hefði stuttu síðar fengið annað símtal um að maður hefði leitað á bráðamóttöku með stungusár. Vitnið hefði í framhaldi hlutast til um að kalla til fleiri lögreglumenn og tæknideild á staðinn og tekið þátt í störfum á vettvangi. Blóð hefði verið sjáanlegt á svæðinu og lögregla hefði fundið út hvaða íbúð var um að ræða. Þá hefði blóð verið á hurð við íbúðina. Lögreglumenn frá sérsveit hefðu síðar um morguninn farið þar inn og handtekið tvo karlmenn og tvær konur sem voru innandyra og flutt á lögreglustöð. Upplýsingar hefðu komið fram um að D hefði verið á staðnum í tengslum við umrædd atvik. Þá hefði lögreglumaður nr. [1] séð ungan mann [...] fara burt frá vettvangi. Þessar

upplýsingar ásamt fleiru hefðu leitt til þess að lögregla áttaði sig á því að um var að ræða ákærða. Vitnið gerði nánari grein fyrir fyrrgreindri skýrslu, þar á meðal að upplýsingar frá öðrum lögreglumönnum hefðu verið færðar inn í skýrsluna til að gefa heildstæða mynd af rannsókn og aðgerðum lögreglu í upphafi.

12.

Vitni, lögreglumaður nr. [3], staðfesti frumskýrslu og greindi meðal annars frá því að hafa umræddan morgun verið sendur á bráðamóttöku og hitt brotþola. Þá hefði vitnið hitt og talað við vinkonu hans í aðstandendaherbergi. Brotþoli hefði lítið vilja tjá sig við lögreglu um hvað gerðist og hver eða hverjir voru að verki. Hann hefði verið með greinilega áverka eins og eftir hnífaárás og verið með fulla meðvitund. Brotþoli hefði veitt upplýsingar um útlit meintra árásarmanna sem hefðu passað við D og ákærða, auk þess sem vinkona brotþola hefði gefið keimlíka lýsingu. Þá hefðu þær upplýsingar samrýmst öðru sem kom fram við rannsókn lögreglu.

13.

Vitni, lögreglufulltrúi nr. [4], staðfesti og gerði nánari grein fyrir rannsóknargögnum tæknideildar lögreglu en ekki eru efni til reifunar á framburði vitnisins.

14.

Vitnið I lækni staðfesti og gerði nánari grein fyrir fyrrgreindu læknisvottorði. Um þau atriði vísast í aðalatriðum til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um efni vottorðsins. Hvað varðaði hættueiginleika greindi vitnið meðal annars frá því að brotþoli hefði hvorki verið með lífshættulega áverka né verið í lífshættulegu ástandi þegar hann kom á bráðamóttöku. Búið hefði verið að stöðva blæðingu og ekki hægt að segja til um hvort mikill blóðmissir hefði átt sér stað. Vitnið greindi hins vegar frá því að hættueiginleikar þeirra áverka sem brotþoli var með hefðu fyrst og fremst verið vegna áverka á brjóstakassa og síðu. Varðandi hið fyrrgreinda, þ.e. stunguáverka á brjóstakassa, greindi vitnið meðal annars frá því að ef stunga hefði farið nógu djúpt inn hefði hún farið í lunga og það getað leitt til þess að það félli saman, auk blæðinga sem hefðu getað orðið í brjóstakassa, og þar með lífshættulegt ástand. Áverkinn á brotþola á þeim stað hefði hins vegar ekki náð langt inn samkvæmt sneiðmynd og ekki væri unnt að fullyrða hvort munaði miklu eða litlu. Hvað hið síðarnefnda varðaði, þ.e. stunguáverka á síðu, greindi vitnið meðal annars frá því að ef stungan hefði náð dýpra inn hefði hún getað farið í lifrina. Lifur væri líffæri sem mikið gæti blætt úr og erfitt væri að stöðva slíka blæðingu með skurðaðgerð, og því hefði getað orðið lífshættulegt ástand. Áverkinn á brotþola á þeim stað hefði hins vegar ekki náð í lifrina. Jafnframt greindi vitnið frá því að stunguáverkar væru almennt séð allir hættulegir ef hnífur færi á kaf í líkama. Einnig, og til

frekari skýringar hvað varðaði hættueiginleika, vísaði vitnið til þess að óvíst eða ósennilegt væri í almennu tilliti að sá sem notaði stunguvopn gegn öðrum manni hefði í raun góða stjórn á því sem gerðist í slíkum átökum, þar á meðal hvar væri stungið eða hversu djúpt væri stungið og þar með hvort af hlytust litlir eða miklir áverkar. Jafnan væri stutt þar á milli og þar með skammt á milli lífs og dauða.

#### IV.

##### **Niðurstöður:**

##### 1.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Ákærði neitar sök og varnir hans hverfast í aðalatriðum um að hann hafi verið að verjast árás frá brotþola og ætlun hans hafi ekki verið að drepa hann. Ákæruvaldið og réttargæslumaður byggja í aðalatriðum á gagnstæðum sjónarmiðum um framangreint, eftir því sem við á, og jafnframt að ákærði hafi með þeirri háttsemi sem hann er ákærður fyrir bakað sér refsí- og bótaábyrgð.

Ákærði hefur í aðalatriðum gengist við verknaðarlýsingu ákærunnar en með fyrrgreindum mótbárum. Eins og áður greinir höfðu D, E og C réttarstöðu sakbornings á rannsóknarstigi fyrir útgáfu ákæru en málið var fellt niður gagnvart þeim þremur samhliða málshöfðun á hendur ákærða, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008. Sönnunarmatið um ætlaða sök ákærða hverfist í aðalatriðum um heildstætt mat á munnlegum framburði, auk læknisvottorðs sem liggur fyrir í málinu. Ekki fór fram DNA-rannsókn á haldlögðum hníf og ákæruvaldið leggur til grundvallar að vopn sem notað var við verkið hafi ekki fundist. Við málflutning undir aðalmeðferð málsins kom fram sjálfstæð ábending frá verjanda ákærða um að dómurinn tæki af sjálfsdáðum til athugunar við sakarmatið atriði sem lytu að áreiðanleika afstöðu og skýrslu ákærða með tilliti til þess hvort um væri að ræða falska játningu að hluta eða öllu leyti, eins og málið væri vaxið. Af hálfu ákæruvaldsins var ekki tekið undir fyrrgreinda ábendingu og í aðalatriðum vísað til þess að málshöfðunin væri reist á traustum grundvelli og það sem komið hefði fram við meðferð málsins fyrir dómi hefði ekki raskað því að neinu leyti.

Ákærði er [...] ungur að árum og með hreint sakavottorð. Skólaganga hans er takmörkuð eftir grunnskóla og hann er búsettur á heimili móður sinnar ásamt systkinum. Verður fremur ráðið af skýrslugjöf hans fyrir dómi að félagsleg staða hans sé ekki mjög sterk. Þá kom fram við skýrslugjöfina að vinátta eða kunningsskapur hefði myndast milli hans og D og að þau tengsl væru fremur nýleg en hefðu þó verið til staðar nokkru áður en meint brot var framið. Út frá því sem áður er rakið í málavaxtalýsingu voru atvik fremur óljós í upphafi rannsóknar en betri mynd virðist smátt og smátt hafa fengist á þau fyrstu einn eða tvo daga rannsóknarinnar. Þá hafi það leitt til þess að rökstuddur grunur beindist að ákærða og D, auk annarra sakborninga. Samkvæmt frumskýrslu, sbr. vætti lögreglu-manns nr. [3], var fyrsta frásögn brotþola á bráðamóttöku, stuttu eftir atvik, á þá leið að hann hefði orðið fyrir hnífaárás þar sem tveir menn hefðu verið ætlaðir aðalgerendur. Þá gat útlitslýsing á meintum aðalgerendum út frá frásögn brotþola að nokkru marki passað við útlit ákærða og D. Sömuleiðis var frásögn brotþola um meinta árás og önnur atvik ekki í verulegu ósamræmi við fyrstu frásögn vitnisins B um hvað gerðist og/eða hvernig umgjörð meintra atvika var háttáð. Frásögn B virðist hafa komið fram á svipuðum tíma og hjá brotþola en í öðru herbergi á bráðamóttöku.

Fyrir liggur að E og C voru látnir lausir úr haldi lögreglu að kvöldi sama dags og þeir voru handteknir og gáfu skýrslu hjá lögreglu. Ljóst er af skýrslum þeirra á þeim tíma að þeir vildu lítið kannast við málið og ætlaðan þátt annarra að því. Þá var skýrsla af G sama dag mjög óskýr og lítið sem kom fram um meinta árás á brotþola og hver hefði getað verið að verki. Skýrsla F sama dag var einnig fremur óskýr á köflum en í henni kom þó að nokkru marki fram atvikalýsing á meintri árás á brotþola og meðal annars minnst á að ákærði og D hefðu komið við sögu sem meintir gerendur. G og F voru látnar frjálssar ferða sinna sama dag eftir að hafa verið í haldi lögreglu. Einnig liggur fyrir að ákærði var handtekinn rúmum tveimur sólarhringum síðar og gaf hann skýrslu næsta morgun þar sem hann gekkst við því að hafa verið að verki, allt eins og áður greinir. Þá gaf D skýrslu fimmtán dögum eftir skýrslugjöf ákærða hjá lögreglu en hann vildi lítið sem ekkert tjá sig um málið.

Samkvæmt framangreindu liggur fyrir að ákærði var frjálssar ferða sinna í um tvo sólarhringa eftir að meint brot var framið og áður en hann gaf skýrslu hjá lögreglu. Á sama tíma voru E, C og D frjálssar ferða sinna, auk G og F. Þeim var því unnt að vera í innbyrðis samskiptum á einn eða annan hátt á sama tíma. Þá var ákærði í gæsluvarðhaldi fyrir og eftir skýrslugjöf D hjá lögreglu. Út frá eðli gæsluvarðhaldsins, þ.e. almannahagsmunum, verður ráðið að það hafi verið án takmarkana, sbr. almenna framkvæmd. Að þessu virtu er ljóst að ákærða hefur frá því að gæsluvarðhaldið hófst meðal annars verið unnt að vera

í samneyti við aðra fanga og hann jafnframt beint eða óbeint verið með aðgengi að síma í samræmi við fangelsisreglur. Þá liggur fyrir að brotþoli og B gáfu framburðarskýrslur sem vitni um tveimur dögum eftir fyrrgreinda skýrslugjöf ákærða þar sem ítarlegri lýsing kom fram hjá þeim á meintum atvikum. Í því samhengi blasir við að skýrsla brotþola tilgreindi nöfn ákærða og D sem meintra aðalgerenda. Skal þá einnig haft í huga að G og F virðast báðar hafa þekkt brotþola og út frá málsgögnum virðast þær einnig hafa haft vana- eða kunningjatengsl við hina grunuðu, að minnsta kosti D.

Að öllu framangreindu virtu liggur fyrir að samskipti eða upplýsingar gátu á einn eða annan hátt borist á milli hinna grunuðu og annarra sem tengjast málinu áður en og eftir að ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu og jafnframt áður en D gaf skýrslu undir rannsókn málsins. Ekkert liggur þó fyrir um að slík samskipti hafi í raun átt sér stað. Það verður þó í ljósi atvika og innbyrðis tengsla þeirra sem komu við sögu í málinu að teljast líklegt að samskipti af þeim toga hafi í einhverjum mæli átt sér stað á fyrri stigum rannsóknarinnar. Þetta raskar hins vegar ekki því að játning ákærða hjá lögreglu samrýmist að nokkru marki fyrstu frásögn brotþola og B á bráðamóttöku, eins og áður greinir. Þá liggur fyrir að ákærði hefur notið aðstoðar tilnefnds og skipaðs verjanda frá upphafi rannsóknar og við meðferð málsins fyrir dómi. Allt framangreint hefur legið fyrir frá öndverðu og verður auk þess að setja það í samhengi við það að lægra og æðra dómstig hefur fyrir og eftir málshöfðun endurtekið fallist á kröfur lögreglu og ákærvalds um gæsluvarðhald ákærða vegna þeirra hagsmuna sem áður greinir. Ljóst er að mat á skilyrðum gæsluvarðhaldsins er að lögum reist á ströngu mati dómstóla, þar á meðal að sterkur rökstuddur grunur sé uppi um meint alvarlegt ofbeldisbrot ákærða, eins og ætlaðri hnífaárás er lýst í ákæru. Ekkert hefur komið fram á rannsóknarstigi eða fyrir dómi hjá ákærða og/eða öðrum um að honum hafi á nokkurn hátt verið ógnað eða hann verið þvingaður, gíntur eða honum verið heitið umbun af hálfu annarra, eða að með öðrum hætti hafi verið haft áhrif á framburð hans, sem leiddi til játningar hans hjá lögreglu og síðari skýrslugjafar fyrir dómi af sama toga. Að öllu framangreindu virtu eru ekki efni til að ætla að framburður ákærða á rannsóknarstigi eða fyrir dómi geti að hluta eða öllu leyti skýrst af falskri játningu.

Ákærði hefur fyrir dómi gengist við verknaðarlýsingu ákærunnar og gefið sjálfstæða lýsingu á atvikum, eins og þau horfa við honum. Játning hans og skýrsla fyrir dómi samrýmist nægjanlega málsgögnum, eins og áður er rakið. Í skýrslu sinni fyrir dómi, eins og áður er rakið, greindi hann meðal annars frá því að hafa stungið brotþola endurtekið og veitt honum aðra áverka með hnífi sem greinir í ákæru. Af framburði hans fyrir dómi verður ráðið að hin meinta árás hafi að mestu leyti átt sér stað í upphafi atvika fyrir utan húsnæðið og þegar brotþoli leitaðist í byrjun við að hlaupa frá ákærða. Er um að ræða

frávik frá skýrslu hans hjá lögreglu varðandi ætluð atvik í eftirför en í því samhengi verður hins vegar að taka tillit til þess að ákærði hefur ekki fullkomið vald á íslensku og hann naut ekki túlkþjónustu við lögregluþýfirheyrslu. Brotþoli greindi frá því að hafa fengið stungu á aftanverðan líkama í upphafi atvika en hann var í aðalatriðum óviss um röð annarra áverka og hvenær og hvernig þeir áttu sér stað, að öðru leyti en því að hann hefði meiðst á hendi eftir að hafa dottið á jörðina og borið höndina fyrir sig gegn frekari atlögu ákærða. Framburður annarra vitna fyrir dómi skýrði þetta ekki betur. Ágreiningslaust er að brotþoli var með þá áverka sem greinir í ákæru og samrýmist það vottorði og vætti fyrrgreinds læknis. Bendir því allt til þess að áverkarnir stafi af umræddri hnífaárás og er það stutt áreiðanlegum gögnum. Að framangreindu virtu verður lagt til grundvallar að lögfull sönnun hafi tekist fyrir því að ákærði hafi lagt margsinnis til brotþola með hnífi og hann hafi stungið hann með hnífnum með þeim líkamlegu afleiðingum sem greinir í ákæru. Að auki og út frá hinu sama verður við sönnunarmatið lagt til grundvallar að þau atvik hafi átt sér stað fyrir utan húsnæðið að [...] og í byrjun þegar brotþoli hljóp frá ákærða við húsnæðið og jafnframt að árásin hafi að öðru leyti ekki verið á þeirri hlaupaleið sem greinir í ákæru.

Sýknukrafa ákærða er reist á neyðarvarnarsjónarmiðum, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Neyðarvörn er samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga lögmæt réttarvörsluathöfn einstaklings, sem felur í sér nauðsynlega beina valdbeitingu gegn manni til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás á þann sem neyðarvörninni beitir, eða á einhvern annan mann. Það leiðir af fyrrgreindum sönnunarreglum, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008, að ekki hvílir á ákæruvaldinu að hnekkja staðhæfingu ákærða um atvik sem horft gætu honum til refsileysis, þar á meðal vegna neyðarvarnar, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 2. nóvember 2000, í máli nr. 248/2000. Stendur þannig upp á ákærða við úrlausn þessa máls að sýna fram á að skilyrði neyðarvarnar séu uppfyllt svo leiði til sýknu.

Fyrir liggur að ákærði hefur hjá lögreglu og fyrir dómi borið um að hann hafi upplifað ógn frá brotþola og talið að hann ætlaði að veitast að sér þegar brotþoli nálgadist hann fyrir utan húsið. Ákærði hefur vísað til undanfarandi samskipta og ósættis við brotþola út af ætluðu fíkniefnamisferli og alvarlegra hótana brotþola í hans garð. Brotþoli hefur vísað öllum slíku á bug en kannast við að hafa mótttekið og neytt fíkniefna sem hann fékk frá einhverjum í samkvæminu. Skýringar ákærða um framangreint og meintar hótanir og ætlaða mögulega árás frá brotþola, eða að hann hafi mátt vera í villu um það, samrýmast ekki nægjanlega vætti B, G og F um atvik í samkvæminu og hvað gerðist fyrir utan húsnæðið í aðdraganda þess að veist var að brotþola. Í aðalatriðum verður ráðið af framburði þeirra að fyrrgreind atvikalýsing ákærða geti ekki með nokkru móti staðist og hann og fleiri menn á staðnum hafi í upphafi veist að brotþola að fyrri bragði og án sýnilegs

tilefnis. Þá fær framburður ákærða um ætlaða för brotaþola í bifreið fyrir utan ekki samrýmst þeirri staðreynd að brotaþoli var ekki með neina bifreið á staðnum en hafði hringt eftir og var að bíða eftir leigubifreið sem var á leiðinni þegar meint árás átti sér stað. Ekkert um meintar hótanir, reiði eða ósætti út af fíkniefnamisferli kom fram hjá D, E og C á rannsóknarstigi né heldur um yfirvofandi eða yfirstandandi árás brotaþola á ákærða fyrir utan húsnaðið. Þá var vætti þeirra þriggja fyrir dómi um hið gagnstæða, eða önnur atvik af slíkum toga, afar óskýrt og ótrúverðugt. Er ekki unnt að byggja á þeim skýrslum við úrlausn málsins. Eru fyrrgreindar viðbáru og varnir ákærða ósannaðar og er ekki unnt að leggja þær til grundvallar við úrlausn málsins. Að þessu virtu verður ekki fallist á með ákærða að sýnt hafi verið fram á það að neyðarvörn eigi við í málinu og nauðsynlegt hafi verið að stinga brotaþola og veita honum áverka með með þeim hætti sem gert var. Þegar að þessu virtu er ekki sýnt fram á að skilyrði 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga séu uppfyllt í máli þessu og er því ekki unnt að fallast á vörn ákærða á þeim grundvelli. Af þessu leiðir einnig að 2. mgr. 12. gr. sömu laga getur ekki átt við um háttsemi ákærða svo leiði til sýknu.

Ákærða er gefin að sök tilraun til manndráps samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga. Verknaðarlýsing ákærunnar tilgreinir meinta hnífaáras en í verknaðarlýsinguna vantar tengingu við kjarnaatriði í orðalagi þess refsíákvæðis sem ákært er fyrir, þ.e. að *svipta annan mann lífi*. Að þessu virtu er verknaðarlýsing ákærunnar ekki að öllu leyti í samræmi við það sem úrlausn málsins er ætlað að hverfast um. Er framsetning ákærunnar að þessu leyti ekki í nægjanlegu samræmi við áskilnað um efnisatriði ákæru samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr., sbr. 1. mgr. 180. gr., laga nr. 88/2008. Allt að einu verður ekki séð að hallað hafi á varnir ákærða og málið er efnislega dómtækt, sbr. og æðri dómaframkvæmd í hliðstæðum málum. Ákæruvaldið verður hins vegar að bera hallann af verknaðarlýsingunni, eftir því sem við á. Þegar rýnt er í framburð ákærða fyrir dómi, sbr. framburðarskýrslu hans hjá lögreglu, er ljóst að hann hefur frá upphafi greint frá því að hafa einungis ætlað að meiða brotaþola en ekki svipta hann lífi. Ákærði hefur í því samhengi borið um endurteknar og grunnar hnífsstungur sem hann leitaðist við að beina að síður viðkvæmum líkamssvæðum brotaþola til að draga úr líkum á alvarlegu líkamstjóni eða dauða. Ekkert í vætti brotaþola eða þeirra vitna sem voru á staðnum getur haggað fyrrgreindum skýringum ákærða. Samkvæmt vottorði og vætti fyrrgreinds læknis voru áverkar brotaþola í reynd ekki lífshættulegir, stungusár voru öll grunn og fóru ekki í lunga og lifur, auk þess sem staðsetning áverka var á líkamssvæðum sem að mati dómsins samrýmast í aðalatriðum fyrrgreindum skýringum ákærða. Þegar að þessu virtu, og þar sem annarra gagna nýtur ekki við, hefur lögfull sönnun ekki tekist fyrir því að ákærði hafi á verknaðarstundu haft ásetning til að bana brotaþola og verður háttsemi hans ekki heimfærð til 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

Að þessu virtu, og út frá því sem áður greinir um hvað telst vera sannað í verknaðarlýsingunni, sbr. og vætti fyrrgreinds læknis um hættueiginleika árársarinnar, sem var augljóslega stórhættuleg og hending að ekki fór verr, verður miðað við að ákærði hafi gerst sekur um sérstaklega hættulega líkamsárás í merkingu 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. dómvenju. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot gegn því refsíákvæði.

## 2.

*Um refsingu:*

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði hefur hann ekki áður gerst brotlegur við refsilög. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Til málsbóta horfir að hann hefur að nokkru marki játað háttsemina. Til refsilyngingar horfir að brotið beindist gegn mikilvægum hagsmunum og grófleiki og hættustig brotsins var með meira móti, auk þess sem líkamstjón hlaust af háttseminni. Það leiðir af því sem áður greinir um varnir ákærða varðandi neyðarvörn að ekki verður fallist á að brotið hafi verið framið í geðshræringu, átökum eða að önnur slík mildandi atriði eigi við varðandi refsíákvörðunina. Að öllu framangreindu virtu, og með vísan til 1., 2., 3., 4. og 5. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. í almennum hegningarlögum, verður ákærði dæmdur í fangelsi í tvö ár. Með vísan til 76. gr. í almennum hegningarlögum ber að draga frá refsingu með fullri dagatölu gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt, eins og nánar greinir í dómsorði. Er um að ræða atriði sem dómurinn gætir að án kröfu.

## 3.

*Um einkaréttarkröfu:*

Við úrlausn á kröfu brotaþola um miskabætur ber að líta til þess að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt ofbeldisbrot sem beindust að brotaþola. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði með sagnæmum og ólögætum hætti bakað sér skaðabótaábyrgð og eru skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu uppfyllt. Að þessu virtu á brotaþoli rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999. Við ákvörðun á fjárhæð miskabóta verður litið til grófleika háttseminnar sem þykir með meira móti gagnvart téðum brotaþola, eins og áður hefur verið rakið. Þá liggur fyrir að brotaþoli varð fyrir líkamstjóni og er það stutt gögnum, sbr. vottorð og vætti fyrrgreinds læknis. Að þessu virtu, og með hliðsjón af eðli brotsins, þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur. Verður ákærða gert að greiða brotaþola þá fjárhæð með vöxtum og dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði. Einkaréttarkrafan var ekki kynnt ákærða fyrir útgáfu ákæru. Að því virtu, og

með vísan til 2. máls. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, þykir rétt að miða upphafstíma dráttarvaxta við þingfestingu málsins. Þá leiðir af niðurstöðu um þóknun til skipaðs réttargæslumanns brotþola að málskostnaður vegna kröfunnar verður ekki dæmdur undir þessum lið málsins, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.

4.

*Um sakarkostnað og fleira:*

Með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar til ríkissjóðs. Til þess kostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Erlendar Þórs Gunnarssonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast af tímaskýrslu, 2.521.168 krónur. Jafnframt fellur undir sakarkostnað þóknun fyrri skipaðs verjanda ákærða vegna vinnu á rannsóknarstigi, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, sem ræðst af tímaskýrslu, 338.520 krónur. Einnig fellur undir sakarkostnað þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ræðst af tímaskýrslu, 1.159.673 krónur. Tímagjald lögmannna ákvarðast samkvæmt 1., 4. og 5. gr. reglna dómstólasýslunnar nr. 1/2024 og eru framangreindar fjárhæðir þóknana og málsvarnarlauna ákveðnar að meðtöldum virðisaukaskatti. Að auki falla undir sakarkostnað útgjöld samkvæmt endanlegu yfirliti ákæruvaldsins, 378.639 krónur. Vegna úrslita málsins verður ákærða gert að greiða tvo þriðju hluta sakarkostnaðarins en þriðjungur skal greiðast úr ríkissjóði.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Þorbjörg Sveinsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Jaguar Do, sæti fangelsi í tvö ár. Til frádráttar refsingu með fullri dagatölu kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 27. nóvember 2023 til dómsuppkvaðningar.

Ákærði greiði A 1.500.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 24. nóvember 2023 til 20. febrúar 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði samtals 2.932.000 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs og eru þar innifaldir tveir þriðju hlutar málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans, Erlendar Þórs Gunnarssonar lögmanns, sem í heild nema 2.521.168 krónum með virðisaukaskatti, tveir þriðju hlutar þóknunar fyrri skipaðs verjanda ákærða, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, sem í heild nemur 338.520 krónum með virðisaukaskatti, og tveir þriðju hlutar þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns, sem í heild nemur 1.159.673 krónum með virðisaukaskatti. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Daði Kristjánsson